

6. gr.

Gjald fyrir sérskoðun ökutækja.

1. Skráningarskoðun (sérviðurkenning)	5 600 kr.
2. Skráningarskoðun innflutts ökutækis, ef ökutækið er hluti af búslóð eiganda	2 340 kr.
3. Skoðun breytts ökutækis	12 400 kr.
4. Skoðun ökutækis fyrir aksturskeppni	1 200 kr.

7. gr.

Gjald fyrir skoðun ökutækis sem að kröfu lögreglu er fært til sérstakrar skoðunar er hálf gjald fyrir almenna skoðun. Ef skráningarmarki hafa verið tekin af ökutæki vegna vanbúnaðar skal greiða fullt gjald.

8. gr.

Fyrir gerðarviðurkenningu greiðist gjald samkvæmt reikningi.

Nú er þörf á sérstaklega umfangsmikilli skoðun á ökutæki og er þá heimilt að áskilja greiðslu kostnaðar við þá skoðun samkvæmt reikningi.

9. gr.

Virðisaukaskattur er innifalinn í gjöldum fyrir skráningarmarki og skoðun.

10. gr.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Bifreiðaskoðun Íslands hf., nr. 1, 2. janúar 1989.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 5. janúar 1990.

Óli Þ. Guðbjartsson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um grundvöll og útreikning meðalávöxtun-
ar og dráttarvaxta, nr. 287 frá 24. júní 1987.**

1. gr.

2. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Almenn vaxtakjör skv. 1. mgr. miðast m.a. við, að minnst þrjár bankar bjóði hlutaðeigandi kjör, eða minnst tveir bankar og a.m.k. helmingur sparisjóðanna. Einnig teljast sparisjóðirnir bjóða almenn vaxtakjör, ef minnst helmingur þeirra bjóða tiltekin vaxtakjör.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 3. mgr. 10. gr. vaxtalaga nr. 25 frá 27. mars 1987, öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 9. janúar 1990,

Jón Sigurðsson.

Tryggvi Axelsson.